



Fjaran og vinir hennar

Samstarfsverkefni leikskólans Bakkabergs og grunnskólans
Kelduskóla – Korpu.

15. maí 2013

Arna Þrándardóttir

Jóhanna Eiríka Ingadóttir

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
2. Fræðilegur bakgrunnur	3
Umhverfismennt	3
Listsköpun	4
Útinám	4
3. Markmið	5
4. Lýsing á verkefninu	5
5. Framkvæmd og ferli	6
Leitin að Ruslaskrímsslinu	6
Veðurathuganir	7
Vettvangsferðir	7
Myndsköpun	8
Ljósmyndun.....	8
Lýðræði og samvinna	8
6. Kynning	9
7. Samantek og lokaorð.....	9
8. Heimildir	11

1. Inngangur

Ákveðið var nýta umhverfið og umhverfismenntina til þess að vinna út frá. Þar sem báðir skólarnir flagga Grænfánanum fannst okkur upplagt að nota þann sameiginlega flöt til nánara samstarfs. Ákveðið var að skoða nánasta umhverfi og rýna örlítið í nokkur örnefni í hverfinu. Náttúran og umhverfi skólanna er eins og best verður á kosið, ægifagurt útsýni, fjöll og fjara.

Þegar hugmyndavinnan í kringum verkefnið hófst var ákveðið að unnið skyldi með örnefni í umhverfi skólanna og fjöruna en báðir hópar hafa tekið þátt í Fjörulöllum á leikskólanum og hafa því mjög góða reynslu af allri vinnu í fjörunni.

Ætlunin var ekki að fastsetja verkefnið of mikið niður til þess að byrja með heldur að sjá hvert áhugi nemenda okkar myndi leiða okkur. Samspil þátta eins og sköpun, frumkvæði og lýðræði hafa margt að segja þegar lagt er af stað í verkefni eins og þetta. Vildum við hafa það að leiðarljósi við framkvæmd verkefnisins og leyfa áhuga og forvitni barnanna að leiða okkur áfram.



2. Fræðilegur bakgrunnur

Eins og áður hefur komið fram er umhverfið okkar er eins og best verður á kosið og var því ákveðið var að leggja áherslu á útinám og listir í samræmi við Aðalnámskrá, sérstaklega þar sem skólarnir leggja mikið upp úr útikennslu og hefur leikskólinn verið með fasta útikennslu í skipulagi sínu sbr. Fjörulallar.

Umhverfismennt

Með umhverfismennt er hægt að efla áhuga og forvitni barna. Þau eru yfirleitt forvitin og áhugasöm um náttúrunna og hlutverk hennar (Aðalnámskrá 2011, bls.74).

Spurningar eins og hvað verður um ruslið í náttúrunni okkar? Af hverju er stundum flóð og stundum fjara? Eru dæmi um spurningar sem börnin vilja fá svör við. Með því að gera börnin meðvituð um umhverfi sitt og hlutverk þeirra í náttúrunni fá þau betri tilfinningu fyrir umhverfinu.



Með grænfána verkefninu sem er starfandi í báðum skólum eins og áður hefur komið fram fá nemendur tækifæri til þess að kynnast því starfi sem lýtur að því að vera grænn skóli. Hvaða skref þurfum við að stíga til þess að fá Grænfána? Því fyrr sem nemendur fá kynningu á náttúrunni og hlutverki hennar, því fyrr fá nemendur þau skilaboð að mikilvægt sé að hugsa vel um hana.

En hættur geta leynst víða í náttúrunni og mikilvægt er að nemendur læra inn á þær og geti greint þær hættur sem bera að varast. (Þorvaldur Örn Árnason, 1998).

Listsköpun

Listsköpun er órjúfanlegur þáttur í verkefni sem þessu þar sem úrvinnsla nemandans fer að mestu fram í höndunum. Listsköpun snýst um að örva sköpunargleði nemandans, auka hugmyndaflug og gefa nemandanum tækifæri til þess að skynja fegurðina í umhverfinu (is.wikipedia.org) Börn eiga oft á tíðum auðveldara með að tjá sig í gegnum listsköpun eins og t.d. myndlist vegna þess hversu frjótt og óbeislað ímyndunarafl þau hafa.



Útinám - virk þátttaka

Útinám (oft kallaði útikennsla) er ein leið til þess að auka fjölbreytni í námi. Útinám er kennslustund sem fer fram utan veggja skólans og er náttúran og/eða umhverfið notað sem kennslurými og kennslugögn. (Náttúruskoli.is)

Auðvelt er að nota hvaða fag sem er í útikennslu. Einungis er þörf á góðu ímyndunarafli og þá er hægt að nýta allar greinar hvort sem er stærðfræði,

eðlisfræði, íslenska, samfélagsfræði, danska eða hvað sem fólki dettur í hug. Í raun er hægt að gera allt úti sem við erum vön og föst í að gera inni. Í mörgum skólum nota þeir sinn grendarskóg þar sem skóli fær úthlutað ákveðið svæði sem hægt er að fara með hópa. Okkar grendarskógur er fjaran og hefur hún verið hluti af útikennslu í fjölmörg ár, bæði í leikskólanum og grunnskólanum.

Eins hafa einhverjir skólar komið sér upp útielhúsi samanber Norðlingaskóli en þeir hafa frábæra aðstöðu í Björnslandi.

Með útinámi er verið að stuðla að virkri þátttöku nemenda þar sem unnið er með fleirri skynjunarþætti nemandans en



gengur og gerist inn í hefðbundinni kennslustofu (Aðalnámskrá 2011, bls.85).

3. Markmið

Markmið verkefnisins var fyrst og fremst að efla samstarf leik- og grunnskólans í Staðarhverfi. Í gegnum tíðina hefur samstarfið verið fremur hefðbundið þ.e. heimsóknir á milli skólanna á vorin. Með verkefninu viljum við breyta og þar með bæta samskiptin milli skólastiga. Fyrir suma nemendur getur verið erfitt að takast á við þá hugsun að byrja í skóla og virkar hún yfirþyrmandi fyrir marga. Mikilvægt er að skólaganga barnsins myndi samfelli þannig að nám á fyrrum skólastigum nýtist á þeim næstu (Aðalnámskrá 2011 bls. 111)

Ákveðið var að kynna nemendur fyrir nærumhverfi sínu og gefa þeim kost á að fá tækifæri til þess að upplifa náttúru sína með öllum sínum skynfærum. Ætlunin er að nemendur túlki upplifun sína í gegnum teikningar, myndverk, ljósmyndun og rituðu máli (sjá fylgiskjal 1).

4. Lýsing á verkefninu

Við skoðuðum örnefni í hverfinu, heimsóttum merka staði í hverfinu okkar, könnuðum fuglalífíð, fórum í gönguferðir, fylgdumst með veðráttunni og fórum til skiptist í heimsóknir á milli skólanna.

Útikennsla, umhverfismennt, listir, samvinna og skapandi starf var fléttað saman.

- Umhverfismennt
- Vettvangsferðir
- Myndsköpun
- Ljósmyndun
- Lýðræði
- Samvinna
- Veðurathugun



5. Ferlið og framkvæmdin

Verkefnið fór frekar hægt og rólega af stað á meðan við útfærðum og fundum út hvernig við vildum gera þetta. Ákveðið var að nýta nærumhverfi okkar og þar sem skólarnir standa nánast á sömu lóðinni voru hæg heimatökin í að hittast og röltu saman um hverfið eða vinna heima.

Við byrjuðum á að hittast með allan hópinn á leikskólanum og horfðum á myndina Umhverfið er okkar bók sem er kennsluefni um útinám. Elsti árgangur (nú 1. bekkur) leikskólans tók þátt í að gera þessa mynd. Þar var fylgst með Bakkabörnum fara í fjöruferðir en Leikskólinn Bakki er víðfrægur fyrir sínar ferðir í fjöruna. Það ríkti mikil spenna hjá börnunum í Leikskólanum að taka á móti fyrrum skólafélögum sínum og sýna þeim myndina.

Skólakrakkarnir voru sömuleiðis mjög spennt að koma í leikskólann sinn en örlítið feimin og fannst skrítið að vera aftur komin í leikskóla. Við hittumst í salnum og horfðum saman á myndina en þegar hún var búin fóru krakkarnir saman inn á deildar, rifjuðu upp og skoðuðu allt dótið sem þau þekktu svo vel einu sinni. Þetta var ágætis byrjun á því sem koma skildi. Þarna náðu krakkarnir að tala saman og kynnast aðeins upp á nýtt. Margir höfðu ekkert sést síðan 1. bekkur fór í skóla en sumir oft hist og leikið sér saman.

Við völdum nokkur örnefni og áhugaverða staði sem við vildum skoða betur. Við skoðuðum



kort og myndir af stöðunum, fórum í vettvangsferðir og eftir þær var einhvers konar úrvinnsla.

Þar sem hópurinn er ansi stór og krefjandi var ákveðið að vinna með þau í minni hópum. Við skiptum þeim í tvennt og blönduðum saman nemendunum. Annar hópurinn vann í skólanum og hinn á leikskólanum. Á báðum stöðum fór fram

smá innlög um það sem við ætluðum að gera. Staðirnir voru vel kynntir og skoðaðir á korti. Í þessi skipti nýttum við einnig tækifæri og töluðum um náttúruna og hvað á ekki heima þar og hvernig við getum hjálpað til við að halda henni hreinni, veðrið og klæðnaður var ræddur, fuglar sem við gætum mögulega séð á leiðinni og þess háttar. Við lásum bókina um Ruslaskrímlið og lögðum svo af stað í hina eina sönnu leit af Ruslaskrímliinu. Það var ekkert skrímli að finna enda lifir það á rusli í náttúrinni og fjaran okkar er mjög snyrtileg.

Við fengum myndlistakennara Bakkabergs til liðs við okkur, hún þekkir hverfið vel og gat

sagt okkur ýmislegt fróðlegt um umhverfið okkar. Einnig var mjög gott að fá hennar innslag í sambandi við úrvinnslu verkefna.

Í vettvangsferðunum höfðum við með okkur fötu sem við týndum í rusl á ferðum okkar um hverfið.



Fyrsti staðurinn sem við heimsóttum var Leirvogshólmi þangað fórum við öll saman í einum hóp en helmingur var í leikjum á meðan hinn fékk harðspjaldamöppur, blöð og blýanta og teiknaði hólmann um leið og horft var á hann. Við höfðum rætt örlítið um fuglalífið en svo óheppilega vildi til að við sáum engan fugl þennan dag á göngunni og var mjög fljótlega komin skýring á því og var hún

sú að þeir væru ekki komnir frá heitu löndunum.

Þegar allir voru búnir að teikna var lagt aftur af stað í skólana og ákveðið að hittast aftur í næstu viku og ljúka við að mála myndirnar. Þá var helmingur hópsins í leikskólanum og helmingur í skólanum.



Korpúlfsstaðir var næsti áfangastaður það er staður sem allir ættu að þekkja sökum sögu hans. Við unnum það verkefni alveg eins og Leirvogshólmann þ.e. hittumst í minni hóp, ræddum staðinn og sögu hans, fórum á vettvang og hittumst svo aftur viku seinna til þess að vinna verkefni sem tengdust Korpúlfstöðum. Við fengum flotta leiðsögn um Korpúlfsstaði frá Drífu



listakonu sem er með vinnustofu þar. Hún sagði okkur sögu hússins og við fengum að skoða hvern krók og kima og mikla athygli vakti hæðin þar sem Korpuskóli starfaði fyrstu starfsárin sín. Úrvinnslan úr Korpúlfsstöðum var ansi

skemmtileg, einn hópurinn teiknaði/málaði Korpúlfsstaði áður fyrr, einn teiknaði/málaði stóra Korpúlfsstaði eins og þeir eru í dag, þriðji hópurinn gerði dýr og menn sem bjuggu á bænum og fjórði hópurinn gerði Korpúlfsstaði úr einingakubbum en reyndar komu flestir að þeirri vinnu síðar þegar þeir höfðu lokið við að mála og lita.



Þriðja verkefnið sem við unnum var örlítið frábrugðið hinum. Þá tókum við strætó að Spönginni sem er verslunarkjarni skammt frá hverfinu okkar. Þar skiptum við okkur í þrjá hópa og fengu allir hópar gönguleið sem þeir áttu að labba heim í skóla. Enginn hópur fékk sömu leið en allir hópar fengu myndavél og átti hvert barn að mynda eitthvað áhugavert, spennandi eða eitthvað sem ekki átti heima í náttúrunni. Einn hópurinn gekk leiðina fram hjá Hallsteinsgarði, annar fór fram hjá Gorvík en þriðji framhjá Keldu. Hópurinn ræddi um nafnið



Kelda og hvaðan það væri komið. Misjafnt var hvað vakti áhuga og athygli barnanna fjöll, kókflöskur, bílar og rólóvellir svo fátt eitt sé nefnt. Þetta var töluvert langur göngutúr sem reyndi á þol og líkama en allt gekk vel og allir komust heilir heim.

Kennararnir settu myndirnar svo inn í tölvuna og sett var upp myndasýning með myndum úr ferðinni. Hver og einn nemandi þurfti að gera grein fyrir sinni mynd, af hverju hún væri og skrifað var undir hverja mynd umsögn frá nemendunum (sjá fylgiskjal 2).

6. Kynning

Foreldrar fengu upplýsingar í vetur um að farið væri á stað með þróunarverkefni þar sem markmiðið væri að auka samskipti grunnskóla og leikskóla. Einnig fengu foreldrar (grunnskólabarna) upplýsingar í föstudagspósti frá því verkefni sem unnið var með hverju sinni og foreldrar leikskólabarnanna gátu fylgst með á heimasíðu leikskólans.

Í fyrstu var ákveðið að halda sýningu með verkefnum nemenda á vordögum. Á síðustu dögum skólaársins var ákveðið að færa sýninguna fram á haustið. Okkur fannst betri kostur að hafa kynningu að hausti til þar sem þá fengu verkefni nemenda meiri tíma til þess að vera til sýnist á veggjum skólans. Þá eru báðir hóparnir komnir inn í sama húsið og tilvalið að verðandi 1. bekkur fái að njóta verka sinna á veggjum skólans á nýju skólaári.

7. Samantekt og lokaorð

Verkefninu sjálfu er formlega lokið við skil þessarar skýrslu en von okkar er að samstarf milli skólastiganna verði áfram á þessum nótum og með því náum við að mynda sterkari tengsl og eðlilegri samskipti milli skólanna. Þetta gekk vel þegar á heildina er litið og verkefnið var komið með fastan sess. Við vorum tiltölulega lengi að komast í gang en þegar við vorum komnar á ról og með ákveðið skipulag þá fór boltinn að rúlla. Það gekk nokkuð vel að finna tíma sem passaði báðum hópum en oftast hittumst við eftir hádegismat en þá er hópastarfi lokið á leikskólanum og birtan hagstæð yfir vetrartímann.

Nemendahópurinn samanstóð af 36 börnum, við tvískiptum hópnum yfirleitt. Á Korpúlfsstöðum fór þó allur hópurinn saman. Í þriðju og síðustu vettvangsferðinni var hópunum þrískipt. Allar vettvangsferðirnar gengu eins og í sögu og voru við afar heppin með veður, sem er ekki svo sjálfgefið á Íslandi. Krakkar jafnt sem kennarar virtust hafa gagn og ekki síður gaman að að skoða hverfið og það sem það hefur upp á að bjóða

Meginmarkmið verkefnisins var að auka samskipti skóla og leikskóla og er okkar tilfinning sú að það hafi tekist. Með áframhaldandi samstarfi er hægt að byggja upp góða og markvissa samfellu milli skólastiga sem vonandi verður fastur liður í skólastarfinu.

Við fengum alltaf jákvæð viðbrögð frá nemendum og virtust þau hafa ánægju af vinnunni (sjá fylgiskjal 3).

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla 2011, greindarsvið 2013, almennur hluti. Reykjavík, Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Leikskólasvið og Menntasvið Reykjavíkurborgar. *Grænir skólar á Kjalanesi*, þróunarverkefni á milli leikskólans Bergs og Klébergsskóla. Sótt 20. Október 2012.

Natturuskóli Reykjavíkur. 2013. Sótt 10. maí 2013. *Allt um útinám*. Slóðin er: http://natturuskoli.is/default.asp?sid_id=27793&tre_rod=003/&tld=1

Wikipedia. 2013. *Listsköpun*. Sótt 10. maí 2013 á <http://is.wikipedia.org/wiki/heilsuskoli>

Þorvaldur Örn Árnason. 1998. *Umhverfismennt fyrir foreldra, stjórnendur, fagmenn og áhugafólk um umhverfismál*. Aðstoð sf.

Fylgiskjal 1

Vinnufólk og dýr á gömlu Korpúlfsstöðum



Nemendur bjuggu til klippimyndir af öllum árstíðum, hér er sýnishorn af haustmyndum.



Fylgiskjal 2



Eyþór Andri 1. bekk

“ég valdi þessa mynd af því að Dominospizzur eru bestar”



Sigríður Dís 5 ára

“ég vildi taka mynd af Dalmatíuhundi af því þeir eru sætir”




Andri Fannar 1. bekkur

“flottasta mótorhjól sem ég hef séð”


Fylgiskjal 3

Umsagnir nemenda:




mér fannst
skjemplilegast
að fara
upp í spaug

Guðlaug Ósk 1. bekkur



mér fannst skemtilegast
að fara í fjöruna

Sigurveig 1. bekk



MJÉTTANS SKEMTILEG Í FJÖRUNI

Hafdís Huld 1. bekk

